



Hreyfing
sjálfstæðissinna
í Evrópumálum

Mars 2014



Skrifstofa
Nei ESB,
Lækjartorgi 5,
2. hæð.
Sími 551 9800.
Opin virka daga
kl. 13 til 18.

Fjöldahreyfingar styðja afturköllun ESB-umsóknar



3

Pólitískur
hæstiréttur
Íslands
sagði **nei**
við ESB

Aðeins 26,2% þjóðarinnar vill ESB-aðild

Aðeins rúmlega kjörfylgi Samfylkingar (12,9%) og Bjartrar framtíðar (8,2%) vill aðild Íslands að Evrópusambandinu. Samkvæmt könnun Stöðvar 2/Fréttablaðsins eru 26,2 prósent landsmanna fylgjandi ESB-aðild á meðan 48,2 prósent eru andvíg aðild.

Andstaðan við inngöngu í ESB er mælist langmest meðal kjósenda Sjálfstæðisflokksins. 75,6% kjósenda Sjálfstæðisflokksins eru andvígir inngöngu í ESB en aðeins 9,9% styðja hana. Meðal kjósenda Framsóknarflokksins er 61,5% andstaða við ESB-aðild. 46,7% stuðningsmanna VG eru á móti aðild Íslands að ESB en 20% fylgjandi.

Við síðustu kosningar stóð þjóðin frammi fyrir skýrum valkostum til aðildar að Evrópusambandinu. Samfylkingin með VG í taumi bauð þjóðinni upp á framhald á aðlögunarferlinu inn í ESB. Björt framtíð tók undir þá stefnu.

Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur buðu upp nákvæmlega sömu stefnu; að Ísland ætti að standa utan Evrópusambandsins.

Kosningaúrslit urðu eftirfarandi í prósentum

ESB-blokkin
Samfylking 12,9
VG 10,9
Björt framtíð 8,2
Samtals 32 prósent

Fullveldisflokkar
Framsóknarflokkur 24,4
Sjálfstæðisflokkur 26,7
Samtals 51,1 prósent

Þingkosningar eru pólitískur hæstiréttur landsins. Niðurstaða kosninganna eru afgerandi og einboðið að ríkisstjórnin fari eftir þeim og afturkalli umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu.



Rökin
sem
rotuðu
Viðskiptaping



Svartstakkar
Þorgerðar K.

5

Aldrei var meirihluti
fyrir ESB-umsókn
Össurar

baksíða



Baráttufundir á landsbyggðinni

Heimssýn, Ísafold – félag ungs fólks gegn aðild að ESB og Herjan stóðu fyrir fundum víða á landsbygginni undir yfirskriftinni „Nei við ESB.“ Krafan um afturköllun á ESB-umsókn Samfylkingar og VG er meginmál fundanna.

„Á fundunum var áberandi einhugur um að staðið yrði við afturköllun umsóknar að ESB,“ sagði Jón Bjarnason fyrrverandi ráðherra og varaformaður Heimssýnar. „Það er mjög

afráttarlaus og einlægur vilji hjá fólki að fara ekki í ESB og leika sér að þeim eldi. Fólk vill ekki framselja fullveldið, þrátt fyrir þúsundir blaðsíðna af skýrslum.“

„Það er í raun engin önnur heiðarleg leið heldur en að afturkalla umsóknina, hvorki gagnvart þjóðinni né öðrum þjóðum,“ sagði Jón sem hefur beitt sér af fullum krafti í þágu fullveldismála eftir að hann lét af þingstörfum við lok síðasta kjörtímabils.



Erna Bjarnadóttir í ræðustóli í fundarferð Heimssýnar, Ísafoldar og Herjans undir yfirskriftinni „Nei við ESB“. Jón Bjarnason varaformaður Heimssýnar og Vigdís Hauksdóttir formaður hlýða á.

Sigríður Ólafsdóttir:

Engar varanlegar undanþágu í boði

Með skýrslu hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem nýkomin er út hafa birst áhuga-verðar upplýsingar varðandi aðildarumsókn Íslands að ESB. Það hefur nefnilega komið á daginn að það er rétt sem ESB-andstæðingar hafa alltaf haldið fram, við mikil mótmæli aðildarsinna, að engar varanlegar undanþágur eru í boði fyrir Ísland. Þessi niðurstaða sýnist mér hafa sett aðildarsinna í stökustu vandræði og vita þeir varla sitt rjúkandi ráð þessa dagana. Þessi vandræðagangur þeirra kemur mér hins vegar frekar spáskt fyrir sjónir þar sem það hefur jú alltaf legið fyrir að engar undanþágur væru í boði – fyrir þá sem vildu skilja það. Þó eru þeir til sem reyna að klóra í bakkann og benda á að þessi og hin löndin hafi bara víst fengið svo og svo miklar undanþágur alveg eftir hentugleikum, eitthvað sem ég held að standist vart skoðun.



Á undanförunum árum hefur ein helsta gulrót aðildarsinna á þá sem efins eru verið að þeir þurfi að sjá samninginn af því að við Íslendingar munum fá svo góðan samning og miklar undanþágur. Helst hefur stundum mátt skilja að við þurfum einungis að taka upp þær reglur og gefa eftir það sem okkur langar og haga öllu öðru eftir því sem okkur hentar hverju sinni.

Eftir að fjárhagserfiðleikarnir hófust í ESB fór minna fyrir staðhæfingum um stöðugleika og óbrigðuleika sambandsins og hvernig ekkert hrún hefði hér orðið hefðum verið hluti af því, en meira var talað um nauðsyn þess að kíkja í umtalaðasta pakka landsins. Í gegnum tíðina hafa helstu aðildarsinnar ekkert mátt heyra minnst á

vandræði á evrusvæðinu og að upptaka hennar væri engin lausn fyrir hagstjórnarvanda Íslands, að ESB hefði engu breytt um bankahrunið og að afar ólíklegt sé að

matvælavæðing lækki við inngöngu. Blind trú á að allt lagist með aðild að sambandinu, ásamt staðfastri trú á að allt sé verst hér á landi, hafa einkennt málflytning þessara aðila.

Það sem mér finnst þó merkilegast við þennan málflytning og hefur oft langað að spyrja aðildarsinna að er eftirfarandi: Af hverju ættum við að þurfa undanþágur og sélausnir ef ESB hentar okkur svona vel? Eru þeir aðildarsinnar sem halda því stöðugt fram að við þurfum nauðsynlega að „kíkja í pakkann“ og sjá hvað er í boði, ekki með því að segja að ESB henti okkur alls ekki? Því hvers vegna ættum við annars að þurfa að sjá hvaða undanþágur eru í boði frá Evrópusambandinu? Það er annað sem ég velti fyrir mér varðandi þennan samning og undanþágurnar allar, en það er hvaða rök ættu eiginlega að vera fyrir

Íslandi heldur út frá núverandi aðildarríkjum ESB. Þessi ríki hafa gengist undir allar reglur og lög ESB án þess að fá varanlegar undanþágur. Ætti þessum ríkjum að finnast sanngjarnt og sætta sig við að Ísland fengi einhvern allt annan pakka en þau fengu? Ef eitthvert ríki myndi sækja um að verða hluti af Íslandi, fyndist okkur ekki eðlilegt að það ríki tæki þá upp öll lög og reglur Íslands frekar en að það fengi einhverjar undanþágur sem íslenska ríkinu byðust ekki?

Staðreyndin er nefnilega óhjákvæmilega sú að það eru engar varanlegar undanþágur í boði og það er enginn pakki í boði. Það sem er í boði er ESB, óinnpakkað og nákvæmlega eins og það kemur fyrir. Það er því alger óþarfi að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort halda eigi aðildarviðræðum áfram. Það er aðeins ein spurning sem þarf að spyrja, ef farið verður í þjóðaratkvæðagreiðslu, og hún er þessi: Vill fólk að Ísland verði hluti af ESB, með öllu sem fylgir?

Með tilkomu áður nefndrar skýrslu reynir á okkur, andstæðinga aðildar Íslands að ESB, að koma þessu skýrt á framfæri og benda á í allri umræðu að engar varanlegar undanþágur séu í boði, eins og ESB raunar segir sjálft. Það er nokkuð ljóst, og hefur meira að segja þegar komið í ljós, að það verður reynt að snúa út úr niðurstöðunum á allan mögulegan máta. Því verða staðreyndir málsins að heyrast hátt, skýrt og eins lengi og þarf.

Stöndum saman áfram – utan ESB.

Höfundur er bóndi og formaður Heimssýnarfélags Húnavatnssýslna.

Staðreyndin er nefnilega óhjákvæmilega sú að það eru engar varanlegar undanþágur í boði og það er enginn pakki í boði. Það sem er í boði er ESB, óinnpakkað og nákvæmlega eins og það kemur fyrir. Það er því alger óþarfi að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort halda eigi aðildarviðræðum áfram.

því að Ísland fengi einhverjar undanþágur sem öðrum aðildarríkjum bjóðast ekki. Allir sem velta fyrir sér öllum undanþágunum sem á að vera hægt að fá þurfa að líta á málið ekki út frá

Frosti spurði Valgerði: Hefði ekki verið betra að spyrja leyfis?

Í umræðu á alþingi um afturköllun ESB-umsóknar spurði Frosti Sigurjónsson þingmaður Framsóknarflokksins Valgerði Bjarnadóttur Samfylkingunni hvort ekki hefði verið heppilegra að biðja þjóðina um leyfi áður en umsókn um aðild að Evrópusambandinu var samþykkt á alþingi 16. júlí 2009. Hér fer kaflí úr ræðu Frosta.

Ég vil spyrja háttvirtan þingmann Valgerði Bjarnadóttur hvað henni finnst um þær upplýsingar sem fram koma í skýrslunni um umsóknarferlið og aðferðafræði þess.

Á bls 25 í Viðauka I – umsókn Íslands og stækkunarstefna ESB stendur:

„Þær breytingar á aðildarferlinu sem urðu með umsókn Mið- og Austur-Evrópuríkjanna hafa sætt gagnrýni. Með þeim hafi Evrópusambandið fengið yfirhöndina í aðildarviðræðum sem sé þróun sem hófst með fyrstu

stækkuninni. Ríkjunum sé ekki eingöngu gert að samþykkja löggjöf sambandsins á fyrstu stigum heldur einnig að laga sig að stefnu sambandsins og hrinda löggjöf þess í framkvæmd fyrir gerð aðildarsamnings og gildistöku hans.“

Er háttvirtur þingmaður sammála þessari gagnrýni á stækkunarferlið sem fram kemur í skýrslunni? Var henni kunnugt um þessa veiku stöðu umsóknarríkisins þegar hún greiddi atkvæði með umsókninni og þá kröfu Evrópusambandsins að umsóknarríkið hrindi í framkvæmd löggjöf sambandsins áður, já áður en þjóðin fær að taka afstöðu til aðildarsamnings í þjóðaratkvæðagreiðslu?

Hefði ekki verið betra að spyrja þjóðina áhlits áður en hafist var handa við að aðlaga Ísland að Evrópusambandinu?



Frosti á flokksþingi Framsóknarflokksins – án Valgerðar B.

Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur eru fjöldahreyfingar sem móta pólitíska stefnu í meginmálum þjóðarinnar

Það eru meira en þúsund sjálfstæðismenn sem taka þátt í að móta þá stefnu sem endanlega er samþykkt á landsfundi flokksins. Það eru líka fjölmargir sem koma að því að undirbúa þá stefnu sem ákveðin er á flokksþingum Framsóknarflokksins.

Þegar tekið er tillit til þess að pólitísk stefnumótun á sér stað á fjöldasamkomum þar sem stefnan er slípuð og fágúð með tilliti til nýrra upplýsinga sem venjulegt flokksfólk vill hafa til hliðsjónar þá sést að það er talsverður mannaflí sem stendur að jafnaði að baki stefnumótun flokkanna. Stefnur af þessu tagi hafa mikið vægi. Á bak við hana liggur miklu meira og lengra lýðræðislegt ferli en á bak við þjóðfund sem skotið er á í örfáa daga.

Þessi stefnumótun fjölda sjálfstæðismanna og framsóknarmanna leiddi af sér sömu stefnuna í ESB-málinu eins og fram kom í ályktunum landsfundar Sjálfstæðisflokksins og flokksþings Framsóknarflokksins fyrir rúmu ári. Stefnan var sú að vera utan við ESB þar sem það þjónaði hagsmunum Íslendinga betur, að stöðva viðræðurnar við ESB og að



Ef ekkert á að gera með samþykktir sem myndast í lýðræðislegu fulltrúuferli flokkanna væri til lítills að hafa þessa flokka. Um þetta ríkir nokkuð almennt samkomulag þrátt fyrir prófkjaramenningu undanfarna áratugi.

lýst yfir annarri skoðun og hafa fylgt henni eftir, en ekki forysta flokkanna eða meirihluti fulltrúa. Ef ekkert á að gera með samþykktir sem myndast í lýðræðislegu fulltrúuferli flokkanna væri til lítills að hafa þessa flokka. Um þetta ríkir nokkuð almennt samkomulag þrátt fyrir prófkjaramenningu undanfarna áratugi.

Umrædd stefnumótin Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins rataði óbreytt inn í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar eftir að þessir flokkar höfðu unnið stórsigur í þingkosningunum vorið 2013. Það eykur enn vægi stefnunnar. Þau sem viðhöfðu ummæli um að boða til þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna við ESB hafa nú lýst því yfir að slíkt sé pólitískt ómögulegt. Núverandi ríkisstjórn, sem er á móti aðild að ESB og vill stöðva viðræður getur ekki átt þátt í því að vinna gegn eindreginni stefnu sinni og sinna flokka með því að stuðla mögulega að því að viðræðum verði fram haldið. Fáránleiki slíks verður enn stærri í ljósi þess að meirihluti landsmanna vill vera fyrir utan ESB.



Stefna Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins rataði óbreytt inn í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar eftir að þessir flokkar höfðu unnið stórsigur í þingkosningunum vorið 2013. Það eykur enn vægi stefnunnar. Núverandi ríkisstjórn er á móti aðild að ESB og vill stöðva viðræður getur ekki átt þátt í því að vinna gegn eindreginni stefnu sinni. Fáránleiki slíks verður enn stærri í ljósi þess að meirihluti landsmanna er andvígur aðild að ESB.

ekki hefja þær aftur nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Í þessu fólst alls ekki loford um að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu, heldur aðeins að undir engum kringumstæðum yrði sú vegferð hafin á nýjan leik án þess að þjóðin yrði spurð fyrst.

Í kosningabaráttunni viðhöfðu nokkrir forystumenn við einhver tækifæri ummæli sem viku aðeins frá þeirri stefnu sem samþykkt hafði verið. Slíkt getur hent. Einhver slík ummæli féllu fyrir landsfundinn og flokksþingið. Vissulega skipta ummæli forystumanna máli. En jafnvel þótt stjórnskipun landsins geri ekki ráð fyrir því að þingmenn séu bundnir af samþykktum flokksstofnana þá yrði það pólitískt ómögulegt fyrir frambjóðendur og kjörna fulltrúa að fylgja ekki samþykktum stefnu flokka sinna. Einstaka þingmenn hafa getað



Vinstri græn létu hafa sig út í að vinna gegn stefnu sinni með því að samþykkja kröfu Samfylkingar um að sótt yrði um aðild að ESB. Umsókn um aðild var risavaxið skref fyrir Ísland því með henni var hraðað aðlögun að regluverki ESB, jafnvel þótt ljóst væri að meirihluti landsmanna vildi ekki fara þangað inn. Samfylkingin og Vinstri græn hunsuðu kröfu um 75% þjóðarinnar um að hún yrði fyrst spurð að því hvort hefja ætti þessa vegferð. Umsóknarferlið átti að taka níu til 18 mánuði, en það rann út í sandinn í tíð fyrri ríkisstjórnar áður en kjörtímabili var lokið.

Alþingi samþykkti umsóknarbeiðni með ályktun. Þess vegna er rökrétt að þingið klári málið nú og afturkalli umsóknina frá 16. júlí 2009.



Hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum

MARS 2014

Útgefandi: Heimssýn, hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Jón Bjarnason, Blm. Páll Vilhjálmsson
Umbrot: Leturval. Prentun: Landsprent

Umsóknin var skilyrt af Alþingi

Samningaviðræður við ESB eru stöpp. ESB neitar að opna á viðræður um landbúnað og sjávarútveg. Fyrirvari og kröfur Íslendinga um fullt forræði yfir fiskimiðunum er algjörlega óaðgengilegt fyrir ESB. Þeir fyrirvarar Íslands eru bundnir í samþykktum Alþingis og fram hjá þeim verður ekki gengið:



„Samstaða var í nefndinni um meginmarkmið í samningaviðræðum við ESB varðandi sjávarútveginn. Þau líta að forræði yfir sjávarauðlindinni með sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi. Það felur í sér forræði í stjórn veiða og skiptingu aflaheimilda innan íslenskrar efnahagslögsögu sem byggð er á ráðgjöf íslenskra vísindamanna. Auk þess verði leitað eftir eins víðtæku forsvari í hagsmunagæslu í sjávarútvegi á alþjóðavettvangi og kostur er lúti málefni að íslenskum hagsmunum. Jafnframt verði haldið í möguleika á því að takmarka fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi og skýrri aðkomu Íslendinga að mótun sjávarútvegsstefnu ESB í framtíðinni. Í þessu sambandi er rétt að undirstrika þjóðhagslegt mikilvægi atvinnugreinarinnar, en meiri hlutinn telur að með þessu megi tryggja að breytingar sem verða á fiskveiðistjórn hér á landi verði að undirlagi íslenskra stjórnvalda og áhrif landsins aukist á þessu sviði í Evrópusamstarfi. Þá verði forræði þjóðarinnar tryggt yfir sjávarauðlindinni og þannig búið um hnútana að framlag sjávarútvegsins til efnahagslífsins haldist óbreytt.“

Íslendingar höfðu lagt fram sína vinnu í sjávarútvegsmálum og kröfurnar lágu fyrir í þeim efnum. ESB lagði ekkert fram annað en kröfuna um að Ísland samþykkti fyrirfram forræði ESB yfir fiskimiðunum.

Afturköllun IPA- styrkjanna – skýr skilaboð ESB

Einhlíða afturköllun ESB á IPA-styrkjunum, aðlögunarstyrkjum sem umsóknarríki fær frá Sambandinu eru einnig skýr skilaboð í verki að þeir hjá ESB líta ekki lengur á Ísland sem umsóknarríki.

Hvernig sem menn vilja orða hlutina er umsóknin fullkomlega strand af beggja hálfu og getur ekki haldið áfram nema Alþingi taki málið aftur fyrir, felli niður fyrirvarana sem það setti með umsókninni og sendi inn nánast nýja umsókn, sem fellur að skilyrðum og kröfum ESB. Fyrir því er enginn pólitískur meirihluti á Alþingi. Um þetta segir í greinargerðinni með þingsályktuninni:

„Á hinn bóginn leggur meiri hlutinn áherslu á að ríkisstjórnin fylgi þeim leiðbeiningum sem gefnar eru með álitinu þessu um þá grundvallarhagsmunum sem um er að ræða.“

Að mati meiri hlutans verður ekki vikið frá þeim hagsmunum án undanfarandi umræðu á vettvangi Alþingis og leggur meiri hlutinn til að orðalagi þingsályktunartillögunnar verði breytt með hliðsjón af þessu.“

Afturköllun eina heiðarlega svarið

Nú er komið í ljós að bæði í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum verður Ísland að gefa í grundvallaratriðum eftir fyrir kröfum Evrópusambandsins til að aðlögunarferlið geti haldið áfram. Samkvæmt ákvörðun Alþingis hefur ríkisstjórnin ekki heimild til þess og viðræður íslenskra stjórnvalda og ESB því tilgangslaus. Það aðeins skaðar uppbyggingu eðlilegra tvíhliða samskipta milli Íslands annarsvegar og ríkjasambands Evrópubandalagsins hinsvegar. Þar eru aðilar sammála.

Afturköllun umsóknarinnar er því hið eina eðlilega og heiðarlega svar.

JónBjarnason.



Rökin sem rotuðu Viðskiptaping

Einhverjir talsmenn Viðskiptaráðs reyndu að blása lífi í bábiljunna um að „kíkja í pakkann.“ Forsætisráðherra fór þannig yfir málaltilbúnað þessara talsmanna að ekki hefur heyrst múkk frá þeim síðan. Hér er sá hluti ræðu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar sem gerði Viðskiptaping kjafstopp.

Ísland er ekki á leið í Evrópusambandið. Í landinu er ríkisstjórn sem er einhuga um að hag landsins sé best borgið utan sambandsins, eins og fjölmörg dæmi undanfarinna ára sanna. Umræðan um Evrópusambandið og Evrópusambandsaðild hefur hins vegar verið nokkuð sérkennileg á Íslandi undanfarin ár, svo ekki sé meira sagt.

Hér hefur orðið lífsseig sú sérstæða hugmynd að hægt sé að sækja um aðild að Evrópusambandinu til að kanna hvað er í boði. Breytir þá engu hversu oft og afgerandi Evrópusambandið sjálft reynir að leiðrétta þetta og benda á að ljóst sé hvað er í boði og það sem er í boði sé ekki umsemjanlegt.

Varla dettur íslenskum atvinnurekendum það til hugar að það sé æskileg eða yfir höfuð framkvæmanleg utanríkisstefna fyrir Ísland að ríkisstjórn sem ekki einu sinni um samruna að ræða heldur beiðni er alfarið andvíg aðild að ESB standi í viðræðum við

sambandið með það að markmiði að koma landinu þar inn?

Undirriti jafnvel samning um aðild Íslands að ESB við hátiðlega athöfn í Brussel og láti klingja í kampavinsglösum, en lýsi því svo strax yfir að þau ætli að berjast gegn því sem þau voru að undirrita? Varla dettur fólki í hug að ábyrg ríkisstjórn myndi fara með land sitt í slíka vegferð?

Myndi stjórn í hlutafélagi ganga frá samningi um samruna við annað fyrirtæki vitandi það að meirihluti hluthafa væri andvígur samrunanum, og ekki aðeins það heldur væri öll stjórnin, hver einasti stjórnarmaður í fyrirtækinu, andvígur samrunanum.

Myndi stjórn í hlutafélagi ganga frá samningi um samruna við annað fyrirtæki vitandi það að meirihluti hluthafa væri andvígur samrunanum, og ekki aðeins það heldur væri öll stjórnin, hver einasti stjórnarmaður í fyrirtækinu, andvígur samrunanum.

En ætlaði samt að verja einhverjum árum í að gera ráðstafanir til að undirbúa samrunann, miða öll störf fyrirtækisins við þann undirbúning, já og undirrita svo samkomulag um samruna með fyrirvara um samþykki hluthafafundar, til þess eins að geta svo sagt: við teljum samninginn sem við vorum að undirrita ekki fyrirtækinu í hag, og að mjög óráðlegt væri að staðfesta hann.

Í samskiptum Íslands og ESB er ekki einu sinni um samruna að ræða heldur beiðni um innlimun.

Lýðræðið 2009 og lýðræðið 2014

Í kosningunum vorið 2009 fengu tveir flokkar meirihluta á alþingi, Samfylking með tæp 30 prósent fylgi og VG með 22 prósent fylgi. Í kosningabaráttunni boðaði Samfylkingin að aðild að Evrópusambandinu en VG hélt þeirri stefnu á lofti að Ísland ætti að standa utan Evrópusambandsins.

Þegar aðeins einn flokkur á alþingi, með tæplega 30 prósent fylgi, vildi

inn í Evrópusambandið hefði verið eðlilegt að spyrja almenning í þjóðaratkvæðagreiðslu. Meira en 76 prósent þjóðarinnar vildi fá tækifæri til að segja álit sitt á því hvort ætti að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

En það var ekki hlustað á þjóðina og meirihlutinn á alþingi, sem myndaður var með svikum þingmanna VG við stefnu flokksins og nýgefni



kosningaloforð, samþykkti með naumum meirihluta að senda umsókn til Brussel.

Í ár ætlar nýr meirihluti á alþingi að bæta fyrir þann lýðræðisbrest sem varð 16. júlí 2009 þegar ESB-umsóknin var án umboðs send til Brussel. Stjórnarflokkarnir báðir, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur, buðu fram skýra og ótvíræða stefnu um að ferlinu inn í ESB skyldi

hætt og ekki endurvakið án þjóðaratkvæðagreiðslu.

Samfylkingin, sem fékk 12,9% fylgi í síðustu kosningum, reynir að hindra með öllum tiltækum ráðum að meirihlutavilji þjóðarinnar nái fram að ganga á alþingi. Orðsöfnuður og frammistaða þingmanna Samfylkingar sýnir að forysta flokksins skilur ekki grundvallarreglur lýðræðisins, hvorki 2009 né 2014.

Þorgerður Katrín kallar andstæðingna ESB-aðildar svartstakka

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fyrrverandi varaformaður Sjálfstæðisflokksins sagði andstæðinga aðildar Íslands að Evrópusambandinu „svartstakka.“ Orðin lét hún falla í viðtalsþætti Gísla Marteins Baldurssonar sunnudaginn 2. mars.

Ofbeldissveitir Mússólínis á Ítalíu á öðrum og þriðja áratug síðustu aldar hétu „svartstakkar.“ Björn Bjarnason fyrrverandi dómsmálaráðherra sagði svigurmæli Þorgerðar Katrínar beinast að landsfundarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins sem móta stefnu flokksins og eru á annað þúsund á hverjum landsfundi.

Meiðandi orð Þorgerðar Katrínar vöktu víða viðbrögð. Ívar Pálsson, sem setið hefur landsfundi Sjálfstæðisflokksins, baðst undan stórkarlagum yfirlýsingum þessa fyrrum varaformanns flokksins. Ívar blogggaði á þessa leið:

„Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, einn harðasti ESB- aðlögunarsinni á Íslandi amk. síðan ársins 2006, fer gersamlega yfirum þegar henni og skoðanabræðrum hennar er eðlilega ýtt til hliðar í Sjálfstæðisflokknum, þar sem 90% standa gegn aðild að ESB. Hún kallar sig frjálslynda (að kjósa yfirvaldið í Brussel) en okkur meirihlutann Svartstakka, sem var heiti yfir morðingjahópa Fasistaflokks Mússólínis forðum. Víti jafnast víst ekki á við bræði særðrar konu, en þarna fer Þorgerður Katrín gersamlega



„Víti jafnast víst ekki á við bræði særðrar konu, en þarna fer Þorgerður Katrín gersamlega yfir mörkin í reiði sinni yfir því að Sjálfstæðisflokkurinn og núverandi forysta hans skuli loksins fylgja samþykktum flokksins,“ skrifar landsfundarfulltrúi sem afþakkar fasistastimpil fyrrum varaformanns Sjálfstæðisflokksins.

yfir mörkin í reiði sinni yfir því að Sjálfstæðisflokkurinn og núverandi forysta hans skuli loksins fylgja samþykktum flokksins.“

Annar flokksmaður, sem einnig hefur setið landsfundi flokksins, Jón Baldur Lorange skrifaði á sitt blogg:

„En það er dapurlegt að orðræðan í ESB málinu sé komin á þetta stig og það af talsmanni Samtaka atvinnulífsins og fyrrverandi varaformanni Sjálfstæðisflokksins. Aðildarsinnar í röðum Sjálfstæðisflokksins verða að taka sér tak, hugsa sinn gang og hætta að vera vopn í höndum andstæðinga flokksins.

Vel veit ég að henni er heitt í hamsi enda einlægur stuðningsmaður þess að Ísland gangi í Evrópusambandið. En að gera lítið úr andstæðingum sínum með þessum hætti og kalla þá illum nöfnum er ljótur leikur. Ég er einlægur andstæðingur þess að Ísland gangi í Evrópusambandið þar sem það þjónar ekki hagsmunum Íslands. Ég lét mér hins vegar nægja að kalla þá sem eru annarrar skoðunar aðildarsinna eða viðræðusinna.

Þorgerður Katrín skuldar þorra sjálfstæðismanna afsökunarbeiðni.“

Þorgerður Katrín baðst ekki afsökunar á orðum sínum og RÚV leggur hana ekki í einelti til að



Ívar, Jón Baldur og þúsundir annarra sjálfstæðismanna fengu kaldir kveðjur frá Þorgerði Katrínu.



krefja hana um afsökunarbeiðni fyrir hönd þúsunda manna og kvenna sem sjá af tíma sínum til að þátttöku í stjórnáttum og fá fyrir vikið stimpilinn „svartstakkar“ frá Þorgerði Katrínu í boði RÚV.

Stefnuskrá VG í ESB málum var skýr

Gott er að rifja upp hvað stendur í stefnuskrá VG um Evrópusambandsmál

„Samskipti við Evrópusambandið ber að þróa í átt til samninga um viðskipti og samvinnu, m.a. á sviði menntamála, vinnu- og atvinnu- og umhverfismála. Hugsanlegur ávinningur af aðild Íslands að Evrópusambandinu réttlætir ekki frekara framsal á ákvörðunarrétti um málefni íslensku þjóðarinnar og er aðild að Evrópusambandinu því hafnað. Hagsmunir fjármagns og heimsfyrirtækja eru í alltof ríkum mæli drifkraftar Evrópusamrunans, miðstýring, skriffræði og skortur á lýðræði einkennir stofnanir þess um of.“

Og áfram segir í málefnahandbók flokksins: „Áröður um að Ísland geti gengið í ESB en fengið undanþágur frá grundvallarsáttmálum þess er varasamur. Undanþágur eru jafnan hugsaðar til skamms tíma á meðan aðlögun á sér stað. Íslendingar eiga ekki að sækjast eftir sér-samningum heldur axla sömu ábyrgð og önnur fullvalda ríki á alþjóðavettvangi.“

Í samræmi við þessa stefnu og loforð buðum við þingmenn og frambjóðendur okkur fram vorið 2009 til setu á Alþingi fyrir Vinstrihreyfinguna grænt framboð. Allt hefur þetta reynst satt og rétt sem í stefnuskránni stóð. Og

það sem menn héldu að væri samningaviðræður voru í raun aðildar og innlimunarferli að ESB.

Og við vorum svo sannarlega stolt af formanni VG í sjónvarpsumræðum kvöldið fyrir kjördag vorið 2009, þegar hann hafnaði því algerlega að til greina kæmi að óska eftir viðræðum um ESB-aðild, þó VG sæti áfram í ríkisstjórn: „Það samrýmist ekki okkar stefnu og við höfum ekkert umboð til þess.“ Sagði formaðurinn skýrt.

Því miður fór það nú á aðra leið og hálfum mánuði síðar lagði stjórnarfléyið frá landi með Brussel fyrir stafni og aðildarumsókn sem leiðarljós. Og í framhaldinu klofnaði VG í raun út af ESB umsókninni og því ferli sem þá hófst.

Það er því fagnaðarefni að einstakir þingmenn VG sem þá greiddu atkvæði með umsókn að ESB og studdu þann feril skulu nú bæði átta sig á og viðurkenna hvílikt feigðarflan þetta var. Vonandi ber þingflokkur VG gæfu til þess að viðurkenna mistökina sem gerð voru með stuðningi við aðildarumsóknina að ESB vorið 2009 og styðji tillöguna sem nú liggur fyrir þinginu um afturköllun umsóknarinnar frá 16. júlí 2009. Samfylkingin hefur inngöngu í Evrópusamandið sem sitt eina mál. Látum hana vera eina um það hugðarefni sitt.

Jón Bjarnason.

Engin undanþága frá aðlögun

Evrópusambandið veitir ekki undanþágu frá aðlögunarkröfu sinni sem felur í sér að umsóknarríki tekur upp laga- og regluverk Evrópusambandsins á meðan aðildarferlið stendur yfir. Evrópusambandið tekur beinlínis fram að undanþágur fái ekki frá aðlögunarferlinu.

Ástæðan fyrir því að ríkisstjórn Jóhönnu Sig. tókst ekki að komast lengra í aðildarferlinu er að meirihlutinn á alþingi var ekki tilbúinn í þá aðlögun sem ESB krafðist. Eftir kosningarnar

síðast liðið vor styrktist ESB-andstaðan á alþingi. Þeir flokkar sem eru með skýrar flokkssamþykktir um að hagsmunum Íslands sé betur borgið utan Evrópusambandsins fengu hreinan meirihluta á alþingi.

Evrópusambandið býður ekki upp á aðildarviðræður án aðlögunar og þess vegna er tóm mál að tala um að halda áfram aðildarferlinu sem ríkisstjórn VG og Samfylkingar stofnaði til 16. júlí 2009.

Brussel slær vopnin úr höndum ESB-sinna

Evrópusambandið vill ekki að ríki haldi stöðu umsóknarríkis þegar það er ekki á leiðinni inn í sambandið.

ESB-sinnar á Íslandi byggja málflutning sinn á því að hægt sé að gera hlé á viðræðum og biða færís að ræsa aðlögunarferlið ef þau undur og stórmerki gerðust að ESB-sinnar næðu meirihluta á alþingi. Sérstaklega er Samfylkingunni umhugað að láta svo líta út að umsóknin sé enn á lífi enda byggist tilvist

flokksins á þeirri blekkingu.

En Evrópusambandið vill ekki samfylkingarhálfvelgju; annað tveggja eru ríki umsóknarríki og á leiðinni inn í sambandið eða ekki. Ísland getur ekki verið umsóknarríki enda pólitískur ómöguleiki að ríkisstjórn sem er andvíg aðild reyni að halda áfram aðlögunarferli inn í ESB fyrir hönd þjóðar sem alls ekki vill verða aðili að Evrópusambandinu.

Brynjar Níelsson:

Stjórnámálamenn hætti að blekkja almenning

Stjórnámálamenn sem halda því fram að hægt sé að „kíkja í pakkann“ blekkja almenning, segir Brynjar Níelsson lögmaður og þingmaður. Gefum Brynjari orðið í pistli sem hann skrifaði í á bloggsvæðið Pressuna.

„Það virðast margir trúa því enn að aðildarviðræður snúist um að „kíkja í pakkann“. Þessi „pakki“ er regluverk ESB. Hann er þekktur og



undan honum semur sig enginn. Aðildarviðræður, sem sumir kalla samningaviðræður, snúast í öllum meginatriðum um það hvernig regluverk ESB kemur til framkvæmda og á hvað löngum tíma. Stjórnámálamenn eiga því að hætta að blekkja almenning í þessu efni. Það eru engar vöruhillur í stórmarkaði ESB, sem Íslendingar velja úr af handahófi, eftir smekk og þörf. Við vitum hverjir eru

kostir og gallar við aðild að ESB. Umræðan á að vera um hvort vegur þyngra, kostirnir eða gallarnir. Og hvort það prinsipp um að vera fullvalda þjóð í eigin landi skipti einhverju máli í því hagsmunamati.“

Brynjar tekur af öll tvímæli um eigin afstöðu:

„Sjálfum hugnast mér ekki aðild að ESB, enda tel ég hagsmunum okkar

best borgið utan þess til lengri tíma lítið. Það er í samræmi við landsfundarsamþykktir Sjálfstæðisflokksins. Fyrir þessu sjónarmiði eru ýmsar ástæður og skynsamleg rök. Mér þykir mikilvægt að tilheyra frjálsri þjóð í eigin landi og geri ráð fyrir því að flestir Íslendingar deili þeirri skoðun með mér. Menn mega kalla það þjóðrembu mín vegna.“

Enginn ESB-samningur með þjóð og þing á móti aðild

ESB gerir ekki aðildarsamning við ríki, þar sem bæði ríkisstjórn og meiri hluti þings og þjóðar eru andvíg því að ganga inn. Hama-gangur ESB-sinna á þingi er því hreinn skrípaleikur.


Hávaðinn og stóryrði þingmanna Samfylkingar og Bjartar framtíðar í umræðum um afturköllun aðildarumsóknar með sífelldum svikabrigslum og upphrópunum þar sem varaformaður Samfylkingarinnar kallaði formann Sjálfstæðisanna „hélvítis dóna“ eru fyrst og fremst til vitnis um mikla örventingu ESB-liðsins á þingi.

Samfylkingarmenn þóttust hneykslaðir á því þegar bent var á þá augljósu staðreynd að þegar

aðildarumsóknin var samþykkt 16. júlí 2009 með 33 atkvæðum gegn 28, kom skýrt fram í atkvæðaskýringum að þeir 8 þingmenn VG, sem greiddu atkvæði með því að aðildarumsókn yrði send, lýstu sig jafnframt andvíga inngöngu í ESB. Til dæmis sagði Steingrímur J. Sigfússon í skýringu á atkvæði sínu að „það þjóni ekki hagsmunum Íslands að gerast aðili að ESB“ og Árni Þór Sigurðsson lagði áherslu á að „hagsmunum Íslands sé best borgið utan ESB“.

Það er því ómótmælanleg staðreynd að í raun var ekki meirihluti fyrir því á Alþingi í júlí 2009 að Ísland gengi í ESB, enda þótt meiri hluti væri fyrir því að sækja um aðild.

ESB-liðið á Alþingi hamaðist þó tímumum



Ragnar Arnalds: Þjóðaratkvæði um framkvæmd viðræðna er sjálfsblekking og sýndarmenska.

saman á utanríkisráðherra nú í vikunni gegn því að þessi staðreynd sem blasir við í þing-tíðindum frá árinu 2009 sæist aftur á prenti í þingskjali, þar sem ráðherrann gerði grein fyrir

tillögu ríkisstjórnarinnar um afturköllun umsóknarinnar, og að lokum kaus ráðherrann að láta prenta þingskjalið upp á nýtt og sleppa því að nefna þessa nóturlegu staðreynd í von um að ESB-liðið gæfi þá þinginu frið til að halda þingstörfum áfram og ráðherrann fengi tómt til að mæla fyrir tillögunni.

Að sjálfsögðu er þetta skrípaleikur. En ráðherrann gerði þó rétt í því að fella niður þessa setningu úr greinargerðinni í þeim tilgangi að greiða fyrir þingstörfum.

Eins er það með kröfuna um „áframhald viðræðna“. Það er að sjálfsögðu öllum ljóst að þótt ákveðið verði að halda viðræðum áfram mun engu að síður ekkert gerast. Framkvæmdastjórn ESB eyðir ekki tíma sínum í viðræður sem fyrirfram er vitað að engum árangri geta skilað, vegna þess að þeim er ljóst að íslenska þjóðin, þing og ríkisstjórn munu örugglega ekki samþykkja inngöngu í ESB á þessu kjörtímabili og sennilega ekki á komandi árum.

Þess vegna er þetta upphlaup um „þjóðaratkvæði um áframhald viðræðna“ bein sjálfsblekking og sýndarmenska.

- RA



Hagsmunasamtök hafa ekki setið hjá í þessari umræðu, en Samtök iðnaðarins sendu í vikunni frá sér tilkynningu þar sem ákvörðun ríkisstjórnarinnar var mótmælt. Segir þar að með ákvörðuninni fari ríkisstjórnin gegn stórum hópi iðnfyrirtækja sem vilji að skoðað verði til hlítar hvort samkeppnishæfni þeirra sé betur tryggð innan ESB eða utan, og hvort ekki megi ná samningum þar sem staðinn er vörður um hagsmuni Íslands.

Þessi yfirlýsing er áhugaverð í ljósi þess að könnun, sem unnin var fyrir SI í fyrra, leiddi í ljós að 52,8% félagsmanna í samtökunum eru andvíg aðild, en 33% hlynnt. Heilt yfir eru félagsmenn í Samtökum iðnaðarins hlynntari aðild en allur almenníngur, en í sömu könnun kom fram að 58,8% landsmanna voru andvíg aðild, en 25,1% hlynnt. Það breytir því þó ekki að meirihluti félagsmanna SI er á móti aðild að ESB.

Stjórn SI til varnar ber þó að nefna að 54,3% félagsmanna eru fylgjandi því að aðildarviðræðum verði lokið, en 34,8% vilja slíta viðræðunum. Meirihluti aðildarfyrirtækja SA vill einnig halda viðræðunum áfram, en í könnun SA var ekki spurt um afstöðu þeirra til aðildarinnar sjálfar. Í Félagi atvinnurekenda eru fleiri andvígir inngöngu í ESB en fylgjandi, en FA hefur einnig mótmælt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Töluvert hefur verið rætt um að gjá sé að myndast milli ríkisstjórnar og atvinnulífs vegna aðildarumsóknarinnar. Þessar kannanir benda þó til þess að líkt og þjóðin öll sé stærri hluti atvinnulífsins á móti aðild en með. Má því færa rök fyrir því að gjáin sé e.t.v. ekki eins breið og ætla mætti

Týr í Viðskiptablaðinu 2. mars sl.



Þegar aðildarumsóknin var samþykkt 16. júlí 2009 með 33 atkvæðum gegn 28, kom skýrt fram í atkvæðaskýringum að þeir 8 þingmenn VG, sem greiddu atkvæði með því að aðildarumsókn yrði send, lýstu sig jafnframt andvíga inngöngu í ESB. Til dæmis sagði Steingrímur J. Sigfússon í skýringu á atkvæði sínu að „það þjóni ekki hagsmunum Íslands að gerast aðili að ESB“ og Árni Þór Sigurðsson lagði áherslu á að „hagsmunum Íslands sé best borgið utan ESB“. – Sjá einnig baksíðu.

Viðræðum sjálfhætt – engar varanlegar undanþágur

Ágúst Þór Arnason, brautarstjóri við laga-deild Háskólans á Akureyri, höfundur þess viðauka við skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem fjallar um ESB-aðildarferli Íslands og stöðu þess sagði í kvöldfréttum ríkisútvarpsins sunnudaginn 2. mars að ESB-aðildarviðræðum Íslendinga væri í raun „sjálfhætt“ af því að Íslendingar ættu ekki kost á neinum varanlegum sérlausnum eða undanþágum af hálfu ESB.

Ágúst Þór sagði að niðurstaða sín varðandi helsta þrætuþæpli þeirra sem vilji halda viðræðum áfram og þeirra sem vilji hætta þeim væri afdráttarlaus og hann bætti við:

„Það er alla vega alveg ljóst að það er ekki

um neinar sérlausnir eða undanþágur að ræða, nema þá tímabundnar og klárlega ekki sem að yrði hluti af löggjöf Evrópusambandsins.“

Ágúst Þór sagði að Evrópusambandinu þætti að vissu leyti heiður að því að fá Ísland inn í Evrópusambandið, af hálfu þess væri þó ekki nein knýjandi þörf til að veita Íslendingum undanþágur til að laða þá inn í sambandið. Hann sagði að seinni rýnifundurinn um sjávarútvegskafnann hefði verið haldinn fyrir þremur árum, í mars 2011. Síðan hefði bókstaflega ekkert verið í fréttum um þann kafla og að það væri verðug spurning sem ekki hefði verið svarað af hverju Evrópusambandið hefði ekki viljað

afhenda rýniskýrslu sína um sjávarútvegskafnann.

Ágúst sagði það niðurstöðu sína, í ljósi þess að ekki yrði hægt að fá neinar varanlegar sérlausnir eða undanþágur, að aðildarviðræðum væri í raun sjálfhætt:

„Það horfir þannig við mér og það má algerlega lesa það út úr þeim skrifum sem ég lagði fram í viðaukanum. Sko það verður þá einhver að koma með eitthvað upp á borðið sem segir eitthvað annað. Ég hef ekki heyrt það.“

Í niðurstöðukafla viðaukans eftir Ágúst Þór segir meðal annars:

„[M]iðaði hægt í stærstu hagsmunamálum

Íslendinga, landbúnaði og sjávarútvegi, jafnvel þótt rík áhersla hafi verið lögð á það af Íslands hálfu að viðræður um þessa kafla hæfust sem fyrst. Ekki tókst að opna landbúnaðarkafnann og sjávarútvegskafninn sigldi í strand áður hann komst á það stig að hægt væri að ljúka rýniskýrslu um hann og í kjölfarið hefja viðræður um kaflann. Ástæðan var sú að sambandið vildi setja viðmið um opnun hans sem hefði verið óaðgengilegt með öllu fyrir Ísland. Þau hefðu falið í sér að Ísland undirgengist áætlun um aðlögun að sjávarútvegstefnu sambandsins áður en viðræður hæfust um kaflann.“

Haraldur Ólafsson:

VG og Evrópuherinn



Vorið 2011 lögðu 15 þingmenn VG fram á Alþingi ályktun um úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalaginu. Ályktunin var studd margvíslegum rökum þar sem sagði að Ísland gumi af því að vera herlaust og friðsamt land og að það sé brýnt að Ísland sýni í verki að það sé sjálfu sér samkvæmt, herlaust og andvígt hernaðarofbeldi.

Undanfarin ár hefur íslenska ríkið verið í ferli sem miðar að því að Íslendingar verði þegnar í Evrópusambandinu svo vitnað sé orðrétt í sáttmála sambandsins um stöðu íbúa þess. Það er samband sem byggt er á sáttmála um vígbúnað og hervæðingu. Þar starfar þing sem reyndar er valdaminna en nafnið gefur til kynna, en það hefur ályktað með miklum meirihluta um stofnun Evrópuhers. Þegnskapur í slíku sambandi gengur lengra í þá átt að flækja Íslendinga í hernaðarvél stórvelda en aðild íslenska ríkisins að Atlantshafsbandalaginu hefur nokkurn tímann gert.

Ekki náðist að greiða atkvæði um ályktunina um úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu svo segja má að þingmennirnir hafi ekki fengið fullt tækifæri til að sýna að hugur fylgdi máli. En nú er lag. Þingmenn VG fá nú kærkomið tækifæri til að sýna kjósendum sínum og þjóðinni allri hvort þeir vilji stöðva ferli sem miðar að því að gera Íslendinga að þegnum í verðandi herveldi gömlu evrópsku nýlenduvelldanna. Varla láta þeir það sér úr greipum ganga.



Evrópuher verður hluti af ESB, eins fram kemur í sáttmálum og samþykktum sambandsins.

Pólitískur ómöguleiki Össurar

Össur Skarphéðinsson gerði á tíð sinni sem utanríkisráðherra Jóhannu-stjórnarinnar fríverslunarsamning við Kína sem allir vissu að yrði felldur niður ef Ísland yrði aðili að ESB.

Össur vakti kátinu á blaðamannafundi með Stefan Füle stækkunarstjóra Evrópusambandsins þegar íslenski utanríkisráðherra bað um skapandi lausnir til að Ísland fengi varanlegar undanþágur frá regluverki ESB - en Füle sagði það ekki hægt.

Össur skilur það hvorki á íslensku né útlensku að 300 þúsund manna þjóð fær hvorki varanlegar undanþágur né marktækar



Füle útskýrir ómöguleika fyrir Össuri.

sérlausnir frá reglu sambands sem telur 28 þjóðir og 500 milljónir íbúa.

Pólitískur ómöguleiki Össurar er að hann skilur ekki pólitískan veruleika.

Þjóðaratkvæði gegn þjóðarvilja er mótsögn

Alþingi mótar pólitíska stefnu á hverju kjörtímabili sem ríkisstjórn fylgir eftir. Þjóðin gengur reglulega að kjörborðinu og kys nýtt alþingi, ekki skemur en á fjögurra ára fresti. Í þingkosningum birtist þjóðarviljinn til þeirra valkosta sem framboð stjórnmalaflokka bera fram.

Þegar þjóðin kys sér nýjan meirihluta á alþingi, líkt og gerðist sl. vor, gengur ekki að fráfarandi meirihluti geti gert kröfu um að meginþættir þeirrar stjórnarstefnu sem almenningur hafnaði fái tækifæri til endurnýjunar lífdaga með þjóðaratkvæðagreiðslu. Það væri gjaldfelling á þingkosningum.

Ríkisstjórn Samfylkingar og VG var með það

á stefnuskrá sinni að ljúka aðlögunarferli Íslands inn í Evrópusambandið og byggði stefnuna á meirihluta alþingis 2009 til 2013.

Þjóðin kaus af sér meirihluta Samfylkingar og VG í þingkosningum fyrir tæpu ári og valdi sér meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks en báðir flokkarnir buðu fram þá stefnu að aðlögunarferlinu skyldi hætt.

Þjóðaratkvæðagreiðsla, sem hefur það að markmiði að halda til streitu meirihlutastefnu alþingis 2009 til 2013, ómerkir niðurstöður þingkosninganna sem haldnar voru fyrir tíu mánuðum. Lýðræðið breytist í þjóðaratkvæðissirkus og leiðir til upplausnarstands í stjórnmalum landsins.

Evrusvæðið verði sambandsríki

Viviane Reding, dómstálastjóri Evrópusambandsins og varaforseti framkvæmdastjórnar sambandsins segir það sína persónulega skoðun að evrusvæðið ætti að verða að Bandaríkjum Evrópu. Reding lét ummælin falla í ræðu sem hún flutti í lagadeild Cambridge-háskóla í Bretlandi. Sagði hún sterk rök hniga að því að koma á fjármáalegu bandalagi og að lokum pólitísku sambandi.

Af 28 ríkjum Evrópusambandsins eru 18 með evruna sem lögeyri.

Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar fyrir Evrópusambandið sem birtar voru nýverið eru 45% íbúa sambandsins sammála því að það ætti að þróast í að verða sambandsríki. Þar af 34% frekar sammála og 11% mjög sammála. Rúmur þriðjungur, eða 35%, er því hins vegar andvígur og þar af 22% frekar andvíg og 13 mjög andvíg.

Í Bretlandi er ört vaxandi andstaða við sambandsríkjaþróun ESB. Bretland er ekki með evru og ekki heldur önnur nágrannaríki Íslands s.s. Danmörk og Svíþjóð.



Aðeins 18 af 28 ríkjum ESB eru með evru. Í reynd er Evrópusambandið þegar klofið í tvo hluta.



Evrópusambandið kleip af bankareikningum Kýpverja til að bjarga bankakerfinu og til viðbótar eru vextir allt lífandi að drepa - þó er Kýpur með evru.

Raunvextir íbúðalána í Kýpur mun hærri en hér

Evruríkið Kýpur lenti í efnahagslegu áfalli og glímur nú við afleiðingar þess. Aðild að myntbandalagi reyndist því ekki sú trygging gegn efnahagshruni sem margir hafa haldið.

Aðild að myntbandalaginu reynist ekki heldur vera sú vörn gegn háum vöxtum íbúðalána sem margir hafa talið.

Samkvæmt Bank of Cyprus eru nú vextir lána til kaupa á íbúð til eigin nota hærri en 5% og hærri en 7% ef um fjárfestingu í húsnæði er að ræða. Verðbólga á Kýpur í janúar mældist neikvæð um 2.8%. Þar sem þessi íbúðalán í evrum eru óverðtryggð og verðhjóðnun er 2.8% má segja að raunvextir þeirra séu frá 7,8% - 9.8% eins og staða mála er nú.

Hér í krónulandi hrunsins eru raunvextir íbúðalána mun lægri. Landsbankinn býður núna 3,8% verðtryggða vexti á íbúðalán. Óverðtryggð lán bera 7,3% nafnvexti en verðbólga mælist nú 2%. Raunvextir óverðtryggðra íbúðalána á Íslandi eru frá 5,3% sem er töluvert lægra en 7,8%.

Þetta dæmi sýnir að evran er ekki það örugga skjól sem talið var. Evran getur ekki tryggt aðildarríki gegn kreppum og ekki heldur tryggt þeim lægri vexti. Þar mun hverju ríki reynast best að stjórnvöld á hverjum tíma, fyrirtækin og landsmenn sýni ráðdeild og yfirvegun í sínum efnahags- og peningamálum.

- FS.

ESB-umsókn Össurar átti að falla 31-30

Þrjú þingmenn VG greiddu atkvæði gegn yfirlýstri sannfæringu sinni þegar ESB-umsóknin var samþykkt á alþingi 16. júlí 2009 með 33 atkvæðum gegn 28, en 2 sátu hjá. Ef þingmenn VG hefðu greitt atkvæði samkvæmt sannfæringu sinni, þá hefði ESB-umsóknin aldrei verið samþykkt heldur felld með 31 nei-i gegn 30 já-um.

Álfheiður Ingadóttir sagði þetta í sinni atkvæðaskýringu er hún samþykkti tillögu Össurar:

„Frú forseti. Stuðning minn við þessa tillögu um aðildarviðræður ber ekki að skilja sem stuðning við aðild Íslands að Evrópusambandinu. (Gripid fram í: Nú?) Ég er eindreginn andstæðingur þess að Ísland gangi í ESB og ég tel ólíklegt að aðildarviðræður muni skila samningi sem getur varið íslenska hagsmuni og auðlindir gagnvart alþjóðlegu auðvaldi og yfirþjóðlegri drottun þess.“

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra lét eftirfarandi ummæli falla í ræðustól þingsins þegar hún samþykkt ESB-umsóknina

„Frú forseti. Ég hef þá sannfæringu að Íslandi sé betur borgið utan Evrópusambandsins en

innan þess. Ég hef þá sannfæringu að bandalagið sé á krossgötum eins og heimurinn allur og þurfi á endurmati að halda. Þar þurfi að efast um mælikvarða, grundvöll og forsendur þess samfélags sem við höfum byggt á Vesturlöndum undanfarinna áratuga. Ég hef þá sannfæringu að lýðræðið sé fyrir borð borð í Evrópusambandinu vegna þess að valdið er of langt frá

fólkinu. Ég hef þá sannfæringu að markmið Evrópusambandsins sé að verða stórt og sterkt og hugsanlega sjálfstæður gerandi í stríði á forsendum valdbeitingar og yfirgangs eins og um hernaðarbandalag væri að ræða.“

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra sagði frammi fyrir alþjóð þegar hún studdi tillögu Össurar um að sækja um aðild að ESB.

„Ég hef mótað mér mína afstöðu. Sem alþjóðasinni er ég krítísk á Evrópusambandið og ég tel hagsmunum Íslands betur borgið utan Evrópusambandsins en innan þess.“

Ef þessir þingmenn VG, þar af tveir ráðherrar, hefðu greitt atkvæði samkvæmt yfirlýstri sannfæringu sinni, þá hefði tillaga Össurar um að sækja um aðild að Evrópusambandinu fallið, 31 hefði sagt nei, 30 já og 2 setið hjá.

ESB-umsóknin fór umboðslaus frá alþingi, VG klofnaði og almenningur kaus af sér vinstriflokkana með afgerandi hætti vorið 2013. Það eina sem eftir er að gera er að afturkalla umboðslausu umsóknina.

Jóhanna María hjá Heimssýn

Jóhanna María Sigmundsdóttir þingmaður Framsóknarflokksins ávarpaði gesti á fullveldishátíð Heimssýnar á skrifstofu samtakanna við Lækjartorg. Jóhanna ræddi um samheldnina sem einkennir þjóðina þegar á bjátar. Hún rifjaði upp að í krafti fullveldisins tókst okkur að brjótast til mennta, menningar og lífsgæða sem aðrar þjóðir telja til fyrirmyndar. Jóhanna María vitnaði til Hugvekju Jóns Sigurðssonar á 19. öld og brýndi fyrir áheyrendum að gleyma ekki hvatningu stjálfsæðishetjunnar um að forræði íslenskra mála sé best komið í höndum Íslendinga sjálfra.



FULLVELDI ÞJÓÐA OG EVRÓPUSAMRUNINN

Alþjóðleg ráðstefna Nei við ESB og Nei til EU

Laugardaginn 22. mars á Hótel Sögu, 2. hæð – Katla
Ráðstefnan hefst kl. 9.30 og er öllum opin meðan húsrúm leyfir

Ávörp og fyrirlestrar

- Vigdís Hauksdóttir alþingismaður og formaður Heimssýnar
- Helle Hagenau sviðstjóri alþjóðasviðs hjá Nei til EU
- Josef Motzfeldt þingismaður og fyrrverandi ráðherra Grænlandi
- Odd Haldgeir Larsen varaformaður Fagforbundet og stjórnarmaður i Nei til EU
- Halldóra Hjaltadóttir formaður Ísafoldar
- Haraldur Benediktsson alþingismaður og fyrrverandi formaður Bændasamtaka Íslands
- Ragnar Arnalds, fyrrv. fjármálaráðherra
- Brynja Björg Halldórsdóttir lögfræðingur
- Halldór Ármannsson formaður Landssambands smábátæigenda
- Dag Rydmark sérfræðingur í Norðurslóðamálum og talsmaður Miðflokksins í Noregi
- Ásgeir Geirsson formaður Herjans
- Erna Bjarnadóttur hagfræðingur og aðstoðarframkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands
- Sigríður Á Andersen lögfræðingur og varaþingmaður

Ráðstefnustjórar eru Jón Bjarnason fyrrverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, varaform. Heimssýnar og Helle Hagenau sviðstjóri alþjóðasviðs hjá Nei til EU.

